



Fundargerð stjórnar

11. fundur

Þriðjudaginn 4. september 2007 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar og hófst fundur kl 9.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

1. Viðræður við eigendur Harrastaðalands

Til fundarins mættu Reynir Davíðsson og Línbjörg María Hjaltadóttir, eigendur Neðri Harrastaða og Rafn Sigurbjörnsson oddviti Skagabyggðar. Fyrir var tekið hvort landeigendur og sveitarfélagið Skagabyggð geti fallist á að taka viðbótarmagn, allt að 5.000 tonnum/ári, til urðunar á svæði sem Sveitarfélagið Skagaströnd hefur haft leigusamning um til urðunar á allt að 500 tonnum/ári.

Talsverð umræða varð um hversu mikið magn yrði um að ræða og hvaða áhrif magnaukning og aukin umsvif kynnu að hafa á land og umhverfi. Landeigendur lýstu því skýrt að þeir væru ekki tilbúnir til að veita heimild til aukinna umsvifa á svæðinu.

2. Staða og horfur.

Farið var yfir og rifjað upp hvað kom fram á vinnufundi með fulltrúum UST sem stjórnarmenn mættu á 29. júní sl. Þar var verkefnið kynnt fyrir fulltrúum UST og leitað ráðgjafar um framhald verkefnisins. Þar kom fram að UST er mjög í mun að sameiginleg lausn verði fundin á sorpeyðingarmálum á Norðurlandi vestra. Einnig var farið yfir hvaða breytingar væru að verða í laga- og reglugerðumhverfi málaflokksins og hvaða auknu kröfur verði gerðar í sorpeyðingarmálum og endurvinnslu.

Í framhaldi af fundi með UST var haldinn vinnu- og skipulagningarfundur með starfsmönnum Línuhönnunar. Þar kom fram að Línuhönnun býður upp á sérfræðinga á flestum sviðum umhverfislausna og hefur m.a. sérhæft sig á sviði umhverfismats.

Haft var símasamband á fundinum við Gunnar Svavarsson hjá Línuhönnun og samið um að hann tæki að sér að taka saman kynningarefni um hvaða lög, reglur og kröfur giltu um urðunarstaði. Rætt var að nauðsynlegt væri að hafa slíkt kynningarefni til að leggja grunn að viðræðum við landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Fyrirliggjandi er að óhjákvæmilegt er að opna nýjan urðunarstað og ákveðið að setja fullan kraft í viðræður um þá möguleika sem eru í stöðunni.

3. Bréf Blönduósbæjar.

Fyrir fundinum lá bréf bæjarstjóra Blönduóssbæjar sem greinir frá því að eigendur Hjaltabakkalands hafi sagt upp samningi við Blönduósbæ um sorpurðun í landi þeirra. Með bréfinu er ítrekað að vinnu við að staðsetja og koma á fót sameiginlegu urðunarsvæði verði flýtt eins og kostur er. Þá er óskað eftir að stjórnin kynni sveitarstjórnnum tíma og framkvæmdaáætlun verkefnisins.

Fyrri hluti erindisins var til kynningar og fellur í sjálfu sér undir þá stefnu sem tekin er í dagskrárlið 2 á fundinum. Hvað varðar tíma- og framkvæmdaáætlun verkefnisins taldi stjórnin sig ekki hafa nægjanlegar forsendur til að leggja í þá vinnu fyrir en samkomulag er komið á um land til urðunar. Stjórnarmenn voru hins vegar sammála um að tímaáætlun verði unnin svo fljótt sem forsendur eru til þess.



Norðurá bs

**Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.**

4. Breytingar á stjórn.

Tilkynning hafði borist frá Sveitarfélaginu Skagafirði þar sem greint er frá því að Páll Dabjartsson hafi óskað lausnar frá störfum sem stjórnarmaður í Norðurá bs. Jafnframt var tilkynnt að sveitarstjórn hafi tilnefnt Vigni Kjartansson í stjórn Norðurár bs. Stjórnarmenn voru sammála um að rétt sé að Vignir taki til starfa í stjórninni án þess að boðað verði til sérstaks aðalfundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 12.15

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson

Norðurá bs.

Skagfirðingabraut 17-21
550 Sauðárkrókur